

Skíðaping 2020

Leiðbeiningar fyrir Microsoft Teams fund



Tengjast fundi með slóð

- Smellt á slóðina neðst í tölvupótinum.
- Sé notast við slóð sem hefur verið deilt er smellt á hana.
- Þegar búið er að opna slóðin er hægt að velja að fá fundinn í netvafra eða í Microsoft Teams appinu. Ef appið er ekki til staðar er því niðurhalað ef sá valmöguleiki er valinn.
- Sé valið að nota appið þarf ekki að stofna neinn aðgang. Eínungis að taka þátt í þessum tiltekna fundi.

Framkvæmdastjóri / Secretary General

THE ICELANDIC SKI ASSOCIATION
Skólastígur 4, 600 Akureyri
Tel: [+354 514 4094](tel:+3545144094) Mobile: [+354 660 4752](tel:+3546604752)

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Óheimil meðferð tölvupósts þessa og viðhengja hans getur varðað skaðabóta- og refsíabyrgð samkvæmt lögum um fjarskipti.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed

Microsoft Teams meeting


Join on your computer or mobile app
[Click here to join the meeting](#)

[Learn More](#) | [Meeting options](#)




Hefja fundinn


- Eftir að smelt hefur verið á hlekkinn á þessi valmynd að koma upp.
- Þarna þarf að stilla myndavél og hljóðnema áður en farið er inná fundinn (alltaf hægt að breyta stillingum eftir að fundur hefst).
- Á meðfylgjandi mynd er slökkt bæði á myndbandi og hljóðnema.
- **ATH – Til að tryggja gott hljóð og góðan fund þurfa allir að vera með SLÖKKT á hljóðnema nema þegar þeir fá orðið (útskýrt seinna).**
- Val er um hvort deilt sé myndbandi af þátttakendum.
- Öll snjalltæki og fartölvur eru með innbyggða hljóðnema og hátalara. Ef einhverjir nota borðtölvu þarf í flestum tilfellum að vera með vefmyndavél og hátalara.
- Þegar allt er klárt er smelt á “Join now”.



Teams viðmótið - Þátttakendur




- Þegar hingað er komið er fundurinn hafinn.
- Valmyndin sem er valin sýnir alla sem eru skráðir á fundinn. Á meðfylgjandi mynd er einungis einn þátttakandi skráður sem er Jón Viðar Þorvaldsson. Á stærri er þarna því nafnalisti allra þátttakenda.




Teams viðmótið - Spjallið




- Hægt er að senda skilaboð til allra þátttakenda á fundinum með því að fara í spjallið.
- Neðst í dálknum hægta megin eru skrifuð skilaboð.
- Vilji þátttakendur á fundinum senda einföld skilaboð er hægt að nota spjallið.
- Í stærri og flóknari umræður mælum við alltaf með því að biðja um orðið og tala.



Teams viðmótið - Fá orðið




- Til að ná fram skilvirkum og góðum fjarfundum þarf að stýra honum vel. Fundarstjóri verður á öllum fundum en einnig munum við notast við “handarkerfið” í Teams til að fá orðið.
- **ATH – Til að tryggja gott hljóð og góðan fund þurfa allir að vera með SLÖKKT á hljóðnema nema þegar þeir fá orðið.**
- Einungis einn í einu getur talað og því þarf að biðja um orðið.
- Smelltt er á hvítu höndina efst á stillingarborðanum og þá birtist gul hönd við nafnið þitt á þátttakendalistanum.
- Teams forritið raðar þátttakendum upp í rétta röð miðað við hvenær þeir “réttu upp hendi” og fundarstjóri fer eftir þeirri reglu.
- Allir eru beðnir um að virða höndina!



Aðrar stillingar



- Aðrar stillingar má finna undir punktunum þremur.



Stillingar á hljóðnema og hátölurum

- Flestir lenda í vandræðum með hljóð og mynd og er það undir “Device settings”.

